

eftir, dóttir! Far og syndga ekki framar. Í fáum orðum, Messíasar ímyndin er sú, að tilgangur mannsins sé sá, að vera samverkamaður guðs, föðursins á himnum, vera réttlátur, auðsýna miskunsemi, mannúð, kærleika, bera sannleikanum vitni. Undir þennan flokk heyra margar kennigar umbótamanna fyr og síðar. Það er eftir þessu lögmáli, sem mannvinurinn rússneski vill lifa, og það er í þessum anda, sem trú vor vill líta á og meðhöndla flest mannfélagsmál. Það er að dæmi Jesú, ekki á sama hátt, ekki með sömu aðferð og hann notaði, sem frjálstrúarhreyfingin vill veita meiri hlýleika, sanngirni, réttvísi og mannúð inn í heiminn, og fá menn til að taka upp þá hugsjón og leggja sér hana til fyrirmynadar, svo þeir verði að *mönnunum*.

IV. Í mannúðar áttina stefnir og hugsjón listamannsins, sú ímynd mannlegrar tilveru, er hann hugsar sér. Saamt er hún mikið á annan veg, því í stað þess að áherzlan hvíli á því, sem rétt er, er það, sem fagurt er, takmarkið, sem hann manninum setur. Fegurð, fullkomnun á þá hlið tilverunnar, er það lögmál, sem hann setur manninum,— fagur líkami, fagrar, næmar, skarpar tilfinningar, björt, frjáls og fögur sál. Það er að vera maður, ekki eingöngu að vera slægari en öll dýr merkurinnar og ganga á uppréttum fótum, heldur og að vera fegursta tilveran á jörðinni. Það hefir stundum verið sagt, að ímynd mannlegs ágætis, eins og listamaðurinn hugsar sér það, sé ekki nauðsynlega siðferðisleg hugsjón,— aðaláherzlan hvíli á fullkomnun til líkamans. En hver, sem nokkuð þekkir inn á eðlisfræði, heilbrigðisfræði og hin ríkjandi lög náttúruríkisins sjálfs, getur fljótt komist að þeirri fullvissu, að fegurð er ómöguleg án eðlilegs siðgæðis. Fegurðarhugsjónin er því í sínu innsta eðli siðferðisleg hugsjón. Hreinlæti, til hugsana, í breytni, í búningi, er skilyrðislaust fyrsta krafan, án þess er ekkert fagurt. Mörg svo nefnd siðgæðisregla er þar með ekki innifalin, en það eru líka margar siðgæðisreglur, sem eru verri en nafnið tómt, og þrælka bæði líf og sál.

V. Hin fimta ímynd, sú sem tifðast finnst í skáldskap, er nokkuð áþeppk þessum síðustu. Það er fegurðar en um leið *sæklar*, sem þar er krafist. Þar er áherzlan lögð á það að *njóta*,